

Hallbjarnareyri

Athugasemdir og viðbætur

Jón Pétursson, Kvisthaga 19, Reykjavík, kom í Örnefnastofnun 3. október 1983 með viðbætur við örnefnaskrá Hallbjarnareyrar. Við það tækifæri voru skráðar eftir honum frekari athugasemdir og viðbætur, og fara þær hér á eftir. Jón Pétursson er fæddur 9. júlí 1936 á Hjarðarbrekku á Hallbjarnareyri, og ólst hann þar upp að nokkru leyti; var síðar á Ytri-Akurey í Helgafellssveit í nokkur ár.

Hallbjarnareyri, gamla býlið, var einnig kölluð Neðri-Eyri, en hin núverandi Hallbjarnareyri, eiginlega nýbýli úr hinni gömlu jörð, er oft nefnd Efri-Eyri. Nú er aðeins búið þar.

Harðibali (84) var þúfnahryggur, þurr rimi, en annars var mjög votlent í kring. Nú er allt framræst þarna.

Ennþá er búið á Naustum (24).

Naustalækur (85) rann að mestu neðanjarðar. Op opnuðust niður í hann, og var djúpt niður. Þessi op voru mjög varasöm fyrir fé og jafnvel menn. Holurnar voru 2-3 m í þvermál. Lækurinn mjókkaði upp eftir, og var hann grynri þar, eins konar skurður. Þar var hægt að veiða smálækjasilung, jafnvel taka hann með höndunum. Þarna er enn skurður, og sést vel hvaðan lækurinn kom; útfall hans sést einnig vel ennþá, en þar sem hann kom að sjónum, myndaðist smáhóp, og var malarkambur fyrir framan. Í flóanum þarna, sem nú eru framræstir, sem fyrr segir, var mikið fuglalíf; þarna voru t.d. hrossagaukur, kjói og óðinshani. Eftir framræsluna hafa fuglar flæmzt í burtu.

Við sjóinn þarna, þar sem lækurinn var, er lágrent, malarkambur. Naustaklettur (86) er því mjög áberandi og þó nokkuð stór. Á fjörum þornar í kringum hann, en í flóðum er sjór allt í kringum hann; hann er þó alltaf upp úr, en ekkert gras er á honum og engir fuglar eða varp.

Sagt er Nýjabúð (22) í öllum föllum.

Höfuð (87) er aflangt, flatt sker, eins og bryggja, alveg í fjörunni. Þar var lagt að, farið með fram því, þegar lágsjávað var. Á flóðum fellur alveg yfir það.

Með strandlengjunni þarna er mikið um sker og mikið útfiri. Þegar fjarar út verða eftir pollar og lón. Þarna var mikill rauðmagi tekinn; var stunginn með hnífum eða krækt var í hann með önglum af lóðum, sem festir voru á skaft. Þarna var líka tekinn kræklingur bæði til beitu og átu. Þá þótti ekki eins fínt að borða hann og nú.

Hjá Garðsenda er ekki malarkambur við sjóinn heldur háir bakkar, og Snoppa (88) er einna hæst. Hún er nokkurs konar klettur eða klettahöfuð, u.þ.b. mannhæðarhár. Bærinn stendur u.þ.b. 20-30 m ofar, á klettarana, sem liggur upp í land og niður að sjó. Snoppa er endinn á honum; hún heitir líklega svo af því að hún er fremst.

Garðsendatangi (90) er fyrir utan Garðsendaklett (89). Tanginn fer í kaf á flóðum.

Klumburnar (38) eru eins. Þær fara í kaf á flóðum. Jón þekkir ekki tilefni nafnsins.

Rif er sker, sem fer í kaf. Kúarif (94) fór í kaf á flóðum. Það nær alveg upp að landi. Jón þekkir ekki tilefni nafnsins.

Hvaltjörn (95) er líklega horfin nú. Jón veit ekki um tilurð nafnsins. Þar upp af var Grænarúst (27); þar var lending. Jón man eftir tóft í fjörukambinum.

Leynir (96) fer í kaf og dregur líklega nafn af því. Írland (74) er sker. Þar er nokkuð varp, bæði æðar- og svartbaksvarp. Á milli Írlands og lands var farið á bát, og varð þá að gæta sín á Leyni.

Oddahaus (33) er fremstur á Eyrarodda (29). Áður hét allt svæðið Eyraroddi, fram á 18. öld. Hallbjarnareyri hét **Öndurðareyri** (117) upphaflega. Um 1200 var bærinn fluttur. Þar sem bærinn var, heita **Tóttir** (118). Hallbjarnareyri hét **Hospitaleyri** (119) á miðöldum. Þá var þar holdsveikraspítali. Kirkja var þar til 1540. Nú hefur verið sléttað yfir kirkjugarðinn. Jón veit, hvar hann var. Lækur rennur úr mýrinni, og var kirkjugarðurinn vestan við þennan læk. Farveginum var eitt sinn breytt, og komu þá upp mannabein.

Egilsveita (99) var mýrarsvæði, mjög blautt. Þarna lá mikið vatn, því það hafði litla framrás. Aðeins þrjú lækir voru í landareigninni. Nesið var allt mjög votlent, en svo er ekki nú. Ekki veit Jón neitt um Egils-nafnið.

Holt eru í kringum Draugalaut (100), brekkur og gilskorningar. Þarna er nokkuð gróið, gras og berjalyng. Þarna er gott berjaland. Lækur er í Draugalaut. Jón veit ekki, hvers vegna hún er nefnd svo.

Kálfadalslækur (101) er allmyndarlegur lækur, uppspretta. Í honum er smásilungur, lækjalontur. Þarna eru engar jarðbrýr eins og á Naustalæk. Þar sem Villingadal (60) lýkur, er myndarlegur foss í læknum, 2-3 mannhæðir. Þarna var mikið af berjum.

Dys er á Eyrarfjalli (105) hjá Kórkleppum (108), sem eru í skarðinu milli Eyrarhyrnu (1) og aðalfjallsins. Þegar komið er fram á brúnina, er gömul grjótdys fyrir austan brúnina. Önnur dys er í norðurhlíð Klakks. Þetta eru dysjar smala frá Hallbjarnareyri. Áður fyrr var haft í seli við Steinahlíðarhaus (62). Setið var yfir í Vatnamýrinni (67) á Hálsinum (104), a.m.k. fram til 1918.

Eyrbotn er inni í Kolgrafarfirði.

Mógrafir fyrir bæina í Eyrarplássi, Ytribæina, voru fyrir ofan Nýjabúð. Mórinn var þurrkaður á Hermannsholti (110). Hann ver ekki góður, og grafirnar voru djúpar. Fyrir Hallbjarnareyrbæina og Garðsenda var mótak í Kringlumýri (47) í Eyrarodda (29). Þar var betri mór, harðari og hitameiri. Hann var þurrkaður á holtum nálægt. Grafirnar voru nokkuð djúpar. Mór var tekinn fram til 1946 eða 1947.

Hreinritað í Örnefnastofnun,
21. desember 1983
Guðrún Þóra Guðmannsdóttir.

[sign.]

Stafrófsskrá örnefna

Hospitaleyri 119=117

Tóttir 118

Öndurðareyri 117=119